



14. fundargerð loftslags- og umhverfisnefndar. Haldinn á Teams, 29. apríl 2024 kl. 20.00

Mætt til fundar:

Hannes Ólafur Gestsson, Gunnhildur Valgeirsdóttir, Sigbrúður Jónsdóttir, Ísak Jökulsson, Birna Þorsteinsdóttir í fjarveru Haraldar Ívars Guðmundssonar, Sýlvía Karen Heimisdóttir og Hrönn Jónsdóttir

Fundargerð ritaði Hannes Ólafur Gestsson

1. Vísun sveitastjórnar samþykktum á breytingum í úrgangsmálum

Áframhaldandi yfirferð á samþykktu um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fáeinar athugasemdir gerðar sem Sýlvía Karen tók til greina. Sýlvía Karen mun í framhaldi fullklára samþykktina og senda aftur á nefndina til yfirferðar.

2. Áskorun um mótaleik gegn ágengum tegundum

Loftslags- og umhverfisnefnd skorar á sveitarstjórn að hafa frumkvæði á því að uppræta Skógarkerfil sem orðin er plága víða hvar í sveitarfélaginu.

3. Önnur mál

Miklar umræður mynduðust um lífrænt sorp og það gjald sem sveitarfélagið innheimtir, en óheimilt er að fella það gjald niður, þótt svo samþykkt jarðgerð sé unnin heima við. Sýlvía Karen fór einnig yfir útreikninga vegna gjalds lífræns úrgangs í sveitarfélaginu. Einnig var rætt um nýju jarðgerðarvélina sem komin er í gagnið og lofar góðu.